

7. júní 2022

Umsögn Hildar Fjólú Antonsdóttur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um fullnustu refsinga (réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda)

Í endurbættu frumvarpi er að finna tillögur til breytinga á réttarstöðu brotaþola með vísan í greinargerðina *Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota*, sem ég vann fyrir stýrihóp forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi og kom út í maí 2019.¹ Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar sem lúta að fötluðum brotaþolum og aðstandendum brotaþola. Í þeirri umsögn sem hér fer á eftir verður ekki fjallað sérstaklega um þær tillögur, heldur sjónum beint að þeim atriðum sem miða að því að styrkja réttarstöðu og bótarétt þolenda kynferðisbrota. Með hugtakinu „brotaþolar“ er vísað til brotaþola kynferðisbrota eða eftir atvikum brotaþola sem eiga rétt á réttargæslumanni.

Undirrituð fagnar þeim endurbótum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu síðan það var fyrst lagt fram á alþingi í apríl 2021. Hér verða talin upp þau atriði sem undirrituð telur þó að megi ýmist skýra eða bæta:

- 1) Vísað er til þess að frumvarpinu sé ætla að „viðurkenna enn frekar þá lögmætu hagsmuni“ (bls. 8) sem brotaþolar hafa er kemur að meðferð sakamála. Undirrituð telur að það mætti skýra betur hverjir þeir lögmætu hagsmunir séu og hvernig réttarsambandi á milli ríkis og brotaþola sé háttað.

Hér má nefna að á grundvelli dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 178/2001 virðist litið svo á að brotaþolar hafi ekki réttarstöðu skv. íslenskum lögum til þess að krefjast bóta frá ríkinu vegna athafna eða athafnaleysis saksóknara í opinberu máli, þar sem saksóknari nýtur óskoraðs sjálfstæðis í slíkum málum. Í Hæstaréttardómi nr. 49/2005, þar sem kona höfðaði m.a. mál gegn íslenska ríkinu vegna þess að lögreglurannsókn í nauðgunarmáli hafi verið ábótavant, kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að sýkna skuli ríkið sökum aðildarskorts stefnanda. Að mati undirritaðrar er ótækt að ríkið geti ekki talist skaðabótaskyldt ef brotið á rétti brotaþola til réttlátrar málsmeðferðar. Einnig

¹ Sjá greinargerð: [Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota](#).

er ástæða til að fjalla um hvort og hvernig ríkið geti talist skaðabótaskyld gagnvart brotþola ef t.a.m. dómur er mildaður vegna tafa í málsmeðferð.

- 2) Skv. frumvarpinu er litið svo á að hagsmunum brotþola sé best borgið án aðildarstöðu (og án aðildarstöðu að hluta) og af því leiði að brotþolar eigi ekki að hljóta rétt til að áfrýja máli. Á sama tíma hlýtur það að teljast til lögmætra hagsmuna brotþola að sekur maður sæti ábyrgð. Ef saksóknari ákveður að áfrýja ekki máli, og brotþoli er því ósammála, ætti brotþola að vera gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri með formlegum hætti um af hverju hann telji að áfrýja eigi málinu og að ákvarðanatökan sé endurmetin á þeim grunni.
- 3) Skv frumvarpinu virðist aðgangur brotþola að gögnum á rannsóknarstigi nokkuð góður. Þó mætti hnykkja á mikilvægi þess verklags að brotþolum og réttargæslumönnum þeirra verði gefinn kostur á að sjá gögn málsins í heild sinni (með þeim varnögnum sem slegnir eru í frumvarpinu) þegar málið er talið að fullu rannsakað og áður en tekin er ákvörðun um afdrif þess. Því miður eru fjölmörg dæmi um að brotþolar telji að lögreglurannsókn sé ábótavant, sbr. að nýlega hafa níu brotþolar kært niðurfellingu mála til MDE m.a. á þeim grundvelli.²
- 4) Ljóst er að þolendur kynferðisofbeldis og ofbeldis í nánnum samböndum kæra sjaldnast brotin og fæst þeirra brota sem þó eru kærð leiða sjaldnast til sakfellingar. En þetta á sérstaklega við í nauðgunarmálunum. Einnig er nánast fáheyrt að þolendur leiti réttar síns í skaðabótamálum enda felur slík málsókn í sér fjárhagslega áhættu sem óréttlátt er að þolendur brota beri. Það er því ljóst að aðeins örlítill hluti þolenda fær bætur vegna þessara brota þrátt fyrir að afleiðingarnar geti verið djúpstæðar og langvinnar. Með frumvarpinu er lagt til að brotþolar fái gjafsókn í einkamáli um kröfuna ef æðri dómur fellst á kröfu um ómerkingu og heimvísun. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er þó ekki talið rétt að veita brotþolum gjafsókn í málum þar sem ekki hefur verið gefin út ákæra eða ef ákærði hefur verið sýknaður með endanlegum dómi, þar sem ekki er talið rétt að ríkisvaldið taki við þær aðstæður þátt í kostnaði einungis annars aðilans af tveimur. Undirrituð telur ástæðu til að endurskoða þetta og veita þolendum í kynferðisbrotamálum og ofbeldi í nánnum samböndum gjafsókn í ljósi þess að fæst

² Sjá [fréttumfjöllun RUV](#) um efnið.

þessara mála fara fyrir dóm. Og ef dæmdar eru bætur, að ríkissjóður ábyrgist þær með sambærilegum hætti og kveðið er á um í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að á Alþingi er þverpólitískur vilji til að veita þolendum kynferðisofbeldis og ofbeldis í nánnum samböndum gjafsókn með þessum hætti. Þann 19. janúar 2022 var lagt fram frumvarp um breytingu á skaðabótalögum (Þingskjal 333, 2021-22) sem kveður á um að veita þessum hópum þolenda gjafsókn í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti.³ Frumvarpið er lagt fram af 8 þingmönnum úr öllum þingflokkum. Áður hefur verið lögð fram þingsályktunartillaga um gjafsókn í heimilisofbeldis- og kynferðisbrotamálum (Þingskjal 153, 2018-19) sem lögð var fram af 19 þingmönnum úr næstum öllum þingflokkum.⁴ Því er full ástæða til að veita þessum hópi brotþola gjafsókn með þessum hætti.

Virðingarfyllst,

Hildur Fjóra Antonsdóttir, Ph.D.
Nýdoktor og aðjúnkt við Háskóla Íslands

³ Sjá [Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993](#).

⁴ Sjá [Þingsályktunartillögu um gjafsókn í heimilisofbeldis- og kynferðisbrotamálum](#).